

Örugg dvöl á sjúkrahúsi

— Nýtt fræðsluefni fyrir sjúklinga og aðstandendur frá Landspítala Eygló Ingadóttir

Tilgangur fræðsluefnisins er að auka öryggi sjúklinga meðan á sjúkrahúsdvöl stendur með því að stuðla að virkri þátttöku þeirra og aðstandenda þeirra í eigin meðferð.

Fyrirmynd þessa einfalda og myndræna fræðsluefnis er sótt í öryggisþjöldin í sætisvösum flugvéla.

Það er hannað á vegum Guy's and St. Thomas NHS Foundation Trust í Bretlandi og er gefið út á Íslandi með leyfi þaðan.

Um er að ræða 4 bls. bækling í A5 broti og veggspjald með einföldum leiðbeiningum.

Þar eru lögð til átta einföld ráð til að fyrirbyggja byltur, blóðtappa, sýkingar, rangar lyfjagjafir og þrýstingssár.

Einnig er lögð áhersla á mikilvægi réttra persónuupplýsinga, farsæla útskrift og hvatningu til sjúklinga um að tjá áhyggjur sínar og vangaveltur varðandi heilsufar sitt.

Bæklinginn er hægt að nálgast á vefnum landspitali.is

Fræðsluefnið hefur verið gefið út í nokkrum löndum, m.a. Ástralíu og Nýja Sjálandi og er til á nokkrum tungumálum, m.a. pólsku, ítölsku, hindi og kínversku en það getur líka nýst hér á landi.

Hægt er að nálgast erlendu útgáfunar á slóðinni <https://www.guysandstthomas.nhs.uk> (slá inn í leit "Making your stay with us safe").

Verkefnið var meðal verkefna sem hlutu gæðastyrk velferðarráðuneytisins í apríl 2018.

Aðstandendur verkefnisins á Landspítala vonast til að það nýtist sjúklingum á öllum íslenskum heilbrigðisstofnunum.



Forsíða bæklingisins.

vertu með á
facebook
<https://www.facebook.com/hjukrun>

